



# Velkomin á fulltrúaráðsfund Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

5. mars 2024

Lífeyrissjóður  
verzlunarmanna

—  
live.is



# Dagskrá

1. Lykiltölur um afkomu sjóðsins
2. Framvinda fjárfestingarstefnu
3. Breytingar á samþykktum
4. Framkvæmd ársfundar
5. Önnur mál



# 1. Lykiltölur um afkomu sjóðsins

Guðmundur Þ. Þórhallsson,  
framkvæmdastjóri





# Árið 2023

## Samantekt - Sameignardeild

- Viðunandi nafnávöxtun, innlendir og erlendir hlutabréfamarkaðir hækkuðu í lok ársins
  - Nafnávöxtun 8,6%
  - Raunávöxtun 0,5%
  - Erlend verðbréf 11,9% nafnávöxtun
  - Innlend hlutabréf 0,1%
  - Innlend skuldabréf skiluðu 9,1% nafnávöxtun
- Tryggingafræðileg staða í lok árs 2023 -6,8%, var í upphafi árs -5,6%
- Hrein eign sameignardeildar hækkaði um 114 milljarða á árinu og var í árslok 1.288 ma.
- Ráðstafað var 66,9 ma. til verðbréfakaupa
- lögjaldagreiðslur til sjóðsins námu 47,9 ma. og hækkuðu um 12,7%
- Alls voru greiddir 34,8 ma.kr. til 25 þúsund sjóðfélaga og nam hækkun lífeyrisgreiðslna 30,8%
- Lánveitingar til sjóðfélaga námu 12,2 ma.kr. Hlutdeild lífeyrissjóða jókst verulega í nýjum lánveitingum á íbúðalánamarkaði
- Innleiðing sjálfbærnivegferðar er umfangsmikið verkefni. Nýsamþykktar reglugerðir SFDR og EU Taxonomy .  
Á eignastýringarsviði var stofnað sjálfbærnitemi til greiningar á sjálfbærniáhættum í eignasöfnum og við fjárfestingarákvarðanir



# Árið 2023

## Samantekt


- Samþykktabreytingar komu til framkvæmda í upphafi árs
  - Aðlögun sameignardeildar að hækkandi lífaldri sjóðfélaga
  - Réttindi endurreiknuð, háð aldri – Mismikil lækkun á mánaðarlegum réttindum
  - 12% hækkun réttinda
  - Aukinn makalífeyrisréttur
  - Bætt örorkutrygging sjóðfélaga, varðar framreikningsrétt
- Sjóðfélagi höfðaði dómsmál gagnvart sjóðnum vegna ákvæðis í samþykktabreytingum þar sem áunnin lífeyrisréttindi voru endurreiknuð háð aldri. Í dómi héraðsdóms var fallist á kröfur stefnanda þ.e. að óheimilt væri að lækka réttindi eftir aldri.
- Dómi héraðsdóms hefur verið áfrýjað og fyrir liggur samþykki Hæstaréttar á málskotsbeiðni sjóðsins. Vænta má dómsniðurstöðu á árinu.
- Áhrif á tryggingafræðilega stöðu ef Hæstiréttur staðfestir dóm héraðsdóms eru um -4,5% og yrði áætluð staða -11,3% um sl. áramót sem er undir lögbundnu lágmarki. Ábending er í áritun endurskoðanda í ársreikningi vegna þessarar óvissu.
- Jarðhræringar í og við Grindavík
  - Sjóðurinn á fjárfestingareignir á því svæði sem jarðhræringar eiga sér stað
  - Samtals fjárhæð lána til íbúa í Grindavík er óveruleg – örfá lán

} - Samtals 7,2% hækkun á lífeyrisgreiðslum  
- Mánaðarleg réttindi yngri aldurshópa lækka um allt að 3,5%




# Þróun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris árið 2023

Sameignardeild - Í milljörðum króna





# Eignasamsetning sameignardeildar í árslok 2023





# Fjárfestingartekjur

Sameignardeild - Í milljónum króna


| Sameign og séreign                          | 2023           | 2022           |
|---|----------------|----------------|
| Innlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum  | 552            | -26.591        |
| Erlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum   | 59.526         | -41.413        |
| Innlend skuldabréf                          | 39.908         | 27.018         |
| Bankainnstæður og aðrar fjárfestingartekjur | 1.203          | 123            |
| Bein fjárfestingargjöld                     | -494           | -526           |
| <b>Samtals</b>                              | <b>100.695</b> | <b>-41.389</b> |





# Raunávöxtun sameignardeildar

Árleg raunávöxtun tímabila





# Iðgjöld

Sameignardeild og séreign - Í milljónum króna

|                                | 2023          | 2022          |
|--------------------------------|---------------|---------------|
| Sjóðfélagar                    | 13.172        | 11.663        |
| Launagreiðendur                | 34.200        | 30.412        |
| Framlag v/jöfnunar örorkubyrði | 568           | 460           |
| <b>Samtals</b>                 | <b>47.940</b> | <b>42.535</b> |
| Breyting milli ára             | 12,7%         |               |




# Lífeyrisgreiðslur

Sameignardeild og séreign - Í milljónum króna

|   | 2023          | 2022          |
|---|---------------|---------------|
| Ellilífeyrir  | 26.172        | 19.316        |
| Örorkulífeyrir  | 5.498         | 4.609         |
| Maka- og barnalífeyrir                                  | 1.525         | 1.323         |
| Séreignargreiðslur                                      | 1.266         | 1.096         |
| <b>Samtals</b>  | <b>34.461</b> | <b>26.344</b> |
| Breyting milli ára                                      | 30,8%         | 15,0%         |
| Fjöldi einstaklinga á lífeyri í sameignardeild í árslok | 25.048        | 22.737        |




## Skipting lífeyrisgreiðslna 2023



# Hreint ráðstöfunarfé til nýfjárfestinga


Í milljörðum króna



- Heildar ráðstöfun til nýfjárfestinga var 66,9 milljarðar króna


# Hlutdeild á íbúðalánamarkaði

Nettó lánveitingar banka og lífeyrissjóða





# Hvað er tryggingafræðileg staða?



## Mat á eignum og skuldbindingum sjóðsins

Helstu forsendur


- Ávöxtunarviðmið; 3,5% raunávöxtun
- Dánar- og eftirlifendatöflur (lífslíkur)  
Hversu lengi lifa sjóðfélagar?
- Örorkutiðni

Ef neðangreindur munur er á eignum og skuldbindingum þarf að hækka eða lækka áunnin lífeyrisréttindi:

+/- 5% yfir 5 ára tímabil

+/- 10% í árslok

## Tryggingafræðileg staða




- Tryggingafræðileg staða er metin ár hvert í tryggingafræðilegri athugun sem framkvæmd er af tryggingastærðfræðingi sjóðsins
- Tryggingafræðileg staða er mælikvarði á hve vel sjóðurinn er í stakk búinn til að standa undir skuldbindingum sínum
- Hafa ber í huga að sjóðfélagi ber áhættu vegna ávöxtunar eigna sjóðsins sem og lýðfræðilega áhættu
- Tryggingafræðileg staða í árslok 2023 væri -11,3% ef hæstiréttur myndi staðfesta dóm héraðsdóms





# Breyting á tryggingafræðilegri stöðu 2023

Há verðbólga á árinu hefur veruleg neikvæð áhrif á tryggingafræðileg stöðu





# Fulltrúaráðsfundur

5. mars 2024

Lífeyrissjóður  
verzlunarmanna

—  
live.is



## 2. Framvinda fjárfestingarstefnu

Arne Vagn Olsen,  
forstöðumaður eignastýringar






# Árið 2023

## Innlent efnahagsumhverfi

- **Hagvöxtur ársins 2023 nam 4,1%.** Skýr merki eru um að tekið sé að hægja á einkaneyslu sem var helsti drifkraftur hagsvaxtar árið 2022.
- **Krónan styrktist um 1,5% á árinu samkvæmt gengisvísitölu á síðasta ári.** Styrking krónunnar var mest gagnvart Bandaríkjadal eða 4,1% en minni gagnvart evru eða 0,7%.
- **Seðlabankinn hækkaði vexti fjórum sinnum á árinu í ljósi kröftugrar viðspyrnu efnahagslífsins og fóru vextir úr 6,0% í 9,25% í árslok 2023.**
- **Verðbólga hjaðnaði á síðari hluta árs 2023** eftir að hafa farið yfir 10% á vormánuðum.

Þróun verðbólgu og stýrivaxta árið 2023



# Verðbréfamarkaðir komu til baka í lok árs...


## Innlendir verðbréfamarkaðir

- Ársbreyting innlendra hlutabréfa var lítil á almanaksárinu en töluverðar sveiflur innan ársins. Eftir kröftuga byrjun var markaðurinn upp um 10% í febrúar, lægst fór markaðurinn svo í um -15% á síðari hluta ársins en endaði árið á svipuðum slóðum og í upphafi árs.
- Skuldabréf áttu „rólegra“ ár - væntingar um að vaxtastig hefði náð hámarki og að lækkanir væru framundan einkenndu árið 2023 og urðu til þess að ávöxtunarkrafan á markaði lækkaði á síðari hluta ársins sem hafði jákvæð áhrif á ávöxtun.


## Erlendir verðbréfamarkaðir

- Mikill viðsnúningur varð á erlendum hlutabréfamörkuðum á alþjóðavísu árið 2023 eftir slæmt ár árið þar á undan - einkum vegna væntinga um vaxtalækkunarferli seðlabanka.


Erlend hluta- og skuldabréf á árinu 2023 (ISK)



Innlend hluta- og skuldabréf 2023 (ISK)




## ...sem skilaði sér í mikinn viðsnúning í ávöxtun hlutabréfa frá fyrra ári





## Nafnávöxtun sameignardeildar nam 8,6% árinu 2023...


Fjárfestingartekjur voru rúmlega 100 ma. kr. samanborið við 42 ma. kr. tap á fyrra ári





## ...og ávöxtun var borin uppi af erlendri hlutabréfaeign

Fjárfestingartekjur voru rúmar 100 ma. kr. samanborið við 42 ma. kr. tap á fyrra ári








# Vægi hlutabréfa lækkaði nokkuð á liðnu ári og nam 51% í árslok samanborið við 56% í árslok 2022.


Sameignardeild






## Langtímaávöxtun sameignardeildar er góð...

Árleg hrein nafnávöxtun




Árleg hrein raunávöxtun





## ...og ávöxtun séreignaleiða á árinu 2023 var ágæt



**Verðbréfaeið** fylgir fjárfestingarstefnu sameignardeildar

**Ævileið I** er í grunninn 50% skuldabréf og 50% hlutabréf

**Ævileið II** er áhættuminni og með um 75% skuldabréf og 25% hlutabréf

**Ævileið III** er áhættuminnsta leiðin með um 80% í skuldabréfum og 20% í innlánnum eða lausafjárjóstum



# Hvernig byrjar árið 2024?

## Gott upphaf en vaxta- og verðbólguþróun stór áhrifapáttur


### Erlendir verðbréfamarkaðir

- Einhverjar vísbendingar eru um að verðbólgan hafi náð hámarki erlendis
- Hlutabréfamarkaðir hafa byrjað árið af krafti


### Innlendir verðbréfamarkaðir

- Líkt og erlendis hefur ríkt meiri bjartsýni á nýju ári á hlutabréfamörkuðum.
- Væntingar eru um að verðbólga haldi áfram að hjaðna á árinu samhliða lækkun stýrivaxta.

Erlend hluta- og skuldabréf frá áramótum 2024 (ISK)



Innlend hluta- og skuldabréf frá áramótum 2024 (ISK)





# Fulltrúaráðsfundur

5. mars 2024

Lífeyrissjóður  
verzlunarmanna

—  
live.is



### 3. Samþykktabreytingar

Tómas N. Möller,  
forstöðumaður lögfræðisviðs




# Yfirlit fyrir samþykktabreytingar

## Tillögur stjórnar til breytingu á samþykktum LV, lagðar fram á ársfundi sjóðsins 19. mars 2024

- 1) Tilgreining ensks hjáheitis LV í samþykktum sjóðsins.
- 2) Breyting á tímaviðmiðum varðandi boðun ársfunda og aukaársfunda sjóðsins, og birtingarforms auglýsingar.
- 3) Uppfærsla á ákvæði varðandi ávöxtunarleiðir séreignasparnaðar LV.
- 4) Uppfærslu á viðauka A við samþykktir LV:
  - a) Tafla I: Árleg lífeyrisréttindi frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem sjóðfélagi greiðir á hverju aldursári
  - b) Tafla II: Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 67 ára aldur eða hækkun eftir 67 ára aldur.
- 5) Gildistaka

# Um breytingu á töflu I í viðauka A við samþykktir LV

Samanburður á réttindatöflum; ný vs núgildandi



**Skýringar:** Þegar nýjar lífslíkutöflur voru staðfestar af fjármála- og efnahagsráðherra í desember árið 2021 fólu þær í sér spá um hækkandi lífaldur, sem aftur myndi leiða til þess að staða sjóðsins veiktist um nálægt 0,1% á ári, ef ekkert væri að gert. Þess vegna var það kynnt við breytingar á samþykktum vorið 2022 að samþykkja þyrfti nýjar réttindatöflur með á tveggja til fjöggra ára fresti, þar sem tekið yrði mið af spánni og nýjustu útreikningum um lífslíkur og aðrar tryggingafræðilegar forsendur. Nú liggja fyrir nýjar sérhæfðar lífslíkur fyrir sameignardeild sjóðsins í nóvember 2023 og hefur sú uppfærsla á lífslíkum um -0,1% áhrif á framtíðarstöðu sjóðsins. Búast má við réttindatöflur sjóðsins muni breytast reglulega með hliðsjón af þróun tryggingafræðilegra forsendna.





# Fulltrúaráðsfundur

5. mars 2024

Lífeyrissjóður  
verzlunarmanna

—  
live.is




## 4. Framkvæmd ársfundar

Tómas N. Möller

forstöðumaður lögfræðisviðs





## Úr samþykktum LV

**Gr. 5.1:** Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjórir skulu tilnefndir af VR, þrír skulu tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins og einn skal tilnefndur af Félagi atvinnurekenda. Hvert framangreindra aðildarsamtaka sjóðsins tilnefnir einn stjórnarmann til vara.

**Gr. 5.4:** Aðildarsamtök lífeyrissjóðsins starfrækja fulltrúaráð lífeyrissjóðsins sem er skipað 50 fulltrúum. VR skipar 25 fulltrúa, Samtök atvinnulífsins skipa 23 fulltrúa og Félag atvinnurekenda skipar 2 fulltrúa. Skipan fulltrúaráðsins fer nánar eftir samningum aðildarsamtaka sjóðsins og þeim reglum sem samtökin setja sér þar um.

# Fundir fulltrúaráðs

## Haustfundur

- Lykiltölur um afkomu
- Framvinda fjárfestingarstefnu
- Samþykktabreytingar, ef við á

## Vorfundur

- Lykiltölur um afkomu
- Framvinda fjárfestingarstefnu
- Samþykktabreytingar, ef við á
- Framkvæmd ársfundar

## Ársfundur

- Til kynningar
- Til atkvæðagreiðslu

## Hlutverk fulltrúaráðs m.a.

- Að staðfesta tilnefningu stjórnarmanna aðildarsamtaka LV (hver samtök fyrir sig)
- Umfjöllun á vettvangi aðildarsamtaka LV fyrir ársfund
- Að fara með atkvæði á ársfundi, 1 + 2 atkvæði mest
- Afl atkvæða ræður, sameiginleg eða tvískipt atkvæðagreiðsla
- Fylgjast með störfum stjórnar og veita henni aðhald

## Framkvæmd ársfundar

- Á Grand Hótel Reykjavík, 19. mars 2024, kl. 17
- Fundurinn fer fram í raunheimum (á staðnum)
- Atkvæðagreiðsla fulltrúa í fulltrúaráði, handaupprétting eða kjörseðill
- Í streymi (ekki gagnvirkt)



## Á ársfundi

Fulltrúaráð fer með atkvæði á ársfundi

Aðrir sjóðfélagar hafa málfrelsi og tillögurétt

Ársfundur fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins nema annað leiði af lögum eða samþykktum

---

### Á ársfundi skal kynna:

- a) Skýrslu stjórnar
- b) Ársreikning fyrir síðasta starfsár
- c) Tryggingafræðilega athugun
- d) Fjárfestingarstefnu og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs
- e) Hluthafastefnu
- f) Skipan stjórnar
- g) Skipan fulltrúaráðs

### Á ársfundi skal bera undir atkvæði:

- a) Starfskjarastefnu
- b) Val fulltrúa í nefnd um laun stjórnarmanna
- c) Tillögu um stjórnarlaun
- d) Tillögu stjórnar um endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki
- e) Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum



# Um kjör nefndar um laun stjórnarmanna LV

## Nefnd um laun stjórnarmanna

- 5.17. Á ársfundi skal kjósa fjóra einstaklinga og tvo til vara í nefnd um laun stjórnarmanna, til tveggja ára í senn. Þar af skal einn nefndarmanna vera formaður stjórnar sjóðsins.
- 5.17.1. Hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni skal vera jafnt. 5.17.2. Nefndin er ályktunarbær ef þrír nefndarmanna sækja fund. Meirihluti atkvæða ræður ákvörðun nefndarinnar.
- 5.17.3. Nefndin setur sér starfsreglur og skiptir með sér verkum.
- 5.17.4. Nefndin skal undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra, m.a. varðandi ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðs.



# Fulltrúaráðsfundur

5. mars 2024

Lífeyrissjóður  
verzlunarmanna

—  
live.is



## 5. Tillögur um hækkun stjórnarlauna og greiðslna fyrir setu í endurskoðunarnefnd







# Laun stjórnarmanna og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd

Tillögur nefndar um laun stjórnarmanna

## Umgjörð stjórnarlauna

- Mánaðarlaun formanns eru tvöföld stjórnarlaun og varaformanns ein og hálf stjórnarlaun.
- Varamenn frá greidd hálf mánaðarlaun aðalmanns fyrir hvern fund sem þeir sitja.
  - Þá fá varamenn mánaðarlegar greiðslur sem nema 15% af mánaðarlegum greiðslum aðalmanns. Með því er varamönnum greidd þóknun fyrir þá vinnu sem ætla má að fari í að fylgjast með starfsemi sjóðsins.
  - Einnig fá varamenn greiðslu sem nemur einum mánaðarlaunum aðalmanns ef þeir undirgangast hæfismat Fjármálaeftirlitsins með þeim hætti að þeir fara í viðtal hjá matsnefnd. Ætla má að undirbúningur fyrir hæfismat geti hæglega verið um 30 til 60 klukkustundir.



# Laun stjórnarmanna og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd

Tillögur nefndar um laun stjórnarmanna

## Tillaga að hækkun stjórnarlauna lögð fyrir ársfund LV

- Lagt er til að stjórnarlaun hækki um 3,25%. Laun breytast því sem hér segir:
  - Laun formanns verða kr. 464.760 á mánuði, hækka úr kr. 450.131.
  - Laun varaformanns verða kr. 348.570 á mánuði, hækka úr kr. 337.598
  - Laun aðalmanns verða kr. 232.380 á mánuði, hækka úr kr. 225.065.
  - Mánaðarlegar greiðslur til varamanna verða kr. 34.856, hækka úr kr. 33.759.
- Einnig er lagt til að greitt verði 2% mótframlag vegna lífeyrissparnaðar í sérign vegna launa stjórnar og fyrir setu í endurskoðunarnefnd.

## Greiðslur fyrir aukafundi

- Stjórn er heimilt að ákveða að greiða fyrir aukafundi stjórnar umfram reglulega stjórnarfundi samkvæmt starfsáætlun. Heimildin nær til allt að sjö funda og nema greiðslur hálfum mánaðarlaunum stjórnarmanna. Reglulegir fundir samkvæmt starfsáætlun eru ellefu ári, einn í mánuði en ekki er fundað í júlí. Þá er árlega vinnu og stefnumótunarfundur stjórnar sem er almennt rúmlega einn starfsdagur.



# Laun stjórnarmanna og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd

Tillögur nefndar um laun stjórnarmanna

## Tillaga að hækkun launa fyrir setu í undirnefnd stjórnar, endurskoðunarnefnd

- Laun endurskoðunarnefndar hafa verið greidd í einni árlegri greiðslu en nú er lagt til að greiðslur verði mánaðarlega.
- Lagt er til að þau taki sömu breytingum og stjórnalaun, þ.e. 3,25%
  - Laun formanns verða kr. 145.998, en voru áður kr. 141.402.
  - Laun annarra nefndarmanna verða kr. 72.999, en voru áður kr. 70.701.



Takk fyrir í dag og sjáumst á  
ársfundi 19. mars kl. 17.  
Grand Hótel Reykjavík

Lífeyrissjóður  
verzlunarmanna

—  
live.is